

Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH), kt.430987-2679 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skolasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FSH uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

FSH er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSH þjóna því.

<http://www.fsh.is/skolinn/skolanamskra/menntasyn/>

<http://www.fsh.is/skolinn/skipulag-skolans/>

3. Viðfangsefni

FSH stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

<http://www.fsh.is/skolinn/skolanamskra/>

<http://www.fsh.is/namid/namsbrautir/>

<http://www.fsh.is/thjonusta/>



6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FSH. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Framhaldsskólinn

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykkta áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávika og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.



b. Skólabragur

<http://www.fsh.is/thjonusta/>
<http://www.fsh.is/skolinn/skolanamskra/jafnrettisstefna/>
<http://www.fsh.is/skolinn/skolafundir/>
<http://www.fsh.is/foreldrar/>
<http://www.fsh.is/skolinn/hollvinir/>
<http://www.fsh.is/skolinn/nefndir-og-rad/>
<http://www.fsh.is/thjonusta/forvarnir/>

c. Innritun og brotthvarf

<http://www.fsh.is/skolinn/inntokuskilyrdi/>
<http://www.fsh.is/skolinn/sjalfsmat/skyrslur-um-innra-mat>

d. Kennslufyrirkomulag

<http://www.fsh.is/skolinn/skipulag-skolans/>

e. Nemendur með sérþarfir

<http://www.fsh.is/thjonusta/sertaek-namsurraedi/>
<http://www.fsh.is/skolinn/skolanamskra/mottokuuaetlun>

f. Mat og eftirlit með gæðum

<http://www.fsh.is/skolinn/sjalfsmat/skyrslur-um-innra-mat>

4. Sérstök rekstrarverkefni

Engin

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið FSH eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt. Markmiðin í skólasamningnum lúta að kennslu og námsmati, sjá viðauka.

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni FSH styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "G. 2".

7. Gildistími og endurskoðun


Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2019.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

9.7.15

Staður og dagsetning


Mennta- og menningarmálaráðherra

Dóra Armannsdóttir
Skólameistari

Viðauki við skólasamning milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Framhaldsskólans á Húsavík 2015-2019

Markmið: kennsla og námsmat

1. Efla endurmenntun kennara í þeim tilgangi að auka færni þeirri í að beita fjölbreyttari kennsluaðferðum.

- a. Kennrarar skólans noti þau tækifæri sem bjóðast til að sinna endurmenntun er lýtur að fjölbreyttum kennsluaðferðum. Starfsdagar á haust- og vorönn á samningstímanum verði markvisst nýttir til endurmenntunar kennara.
- b. Kennrarar fái aukna þjálfun í beitingu kennsluaðferða fjarnáms, m.a. með námskeiði í notkun á Kennsluvefnum (Moodle) á haustönn 2015 og vorönn 2016.
- c. Að áfangakönnun á vorönn 2016 sýni að það markmið hafi náðst að a.m.k. 70% kennara noti fjölbreytta kennsluhætti.

2. Nýta styrkleika fámenntra námshópa til að efla stuðning við hvern og einn nemanda.

- a. Umsjónarkennrar og stjórnendur skólans vinna saman að því að fylgjast með námsframvindu hvers nemenda á samningstímanum og grípa inn í ef ástæða þykir til með því að kalla nemendur til viðtals og hafa samband við forráðamenn ólögráða nemenda.
- b. Bjóða nemendum upp á að hefja nám sitt á hæfnibrepni 1 eða 2 í íslensku, ensku og stærðfræði eftir því hvernig undirbúningur þeirra í grunnskóla í viðkomndi greinum hefur verið.

3. Innleiða fjölbreyttari kennsluhætti og hvetja kennara til að prófa nýjar leiðir í kennslu.

- a. Halda áfram að þróa kennslu í nýjum áfanga, listum, menningu og vísindum (LMV) skólaárið 2015-2016.

4. Kennrarar leggi áherslu á að nota *leiðsagnarmat* til að bæta kennsluaðferðir, námsmat og árangur nemenda með það að markmiði að hver og einn nemandi nái betri árangri í námi sínu.

- a. Kennrarar fái tækifæri og tíma til að innleiða í áföngum sínum leiðsagnarmat.
- b. Allir kennrarar noti leiðsagnarmat í starfi sínu með nemendum vorið 2016.

5. Kennrarar orði með skýrum hætti í námsáætlun þær væntingar sem gerðar eru til nemenda um árangur.

- a. Allir kennrarar skólans leggi fram námsáætlanir samkvæmt samræmdu viðmiði um framsetningu á námsáætlunum haustið 2015.

6. Upplýsingar um þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur eiga að búa yfir við námslok séu skýrar og þeim komið á framfæri við nemendur með markvissum hætti.

- a. Allir kennrarar skólans fari vandlega yfir námsáætlanir með nemendum á samningstímanum og leggi sérstaka áherslu á að útskýra þau markmið sem nemendum er ætlað að ná.

- b. Allir kennarar skólans skoði mánaðarlega á samningstímanum með nemendum hvernig starfinu miðar með hliðsjón af námsáætlun.
- c. A.m.k. helmingur kennara skólans ræði einstaklingslega við nemendur um gengi þeirra og líðan í áfanganum.

7. Kennarar skólans ígrundi árangur af starfi sínu með markvissum hætti með það að markmiði að ná enn betri árangri með nemendum.

- a. Allir kennarar skólans ígrundi með markvissum hætti eigin árangur í ljósi niðurstaðna áfangakannana og árangurs nemenda. Niðurstöðum er skilað í áfangaskýrslu kennara í lok hvers skólaárs og skilað til skólameistara. Allir kennarar skili áfangaskýrslu um þann áfanga sem metinn er hverju sinni. Verður virkjað á skólaárinu 2015-2016.

8. Lögð er áhersla á að námsmat taki til sem flestra þátta námsins. Námsmatið á að taka tillit til þekkingar, færni, skilnings og viðhorfa. Námsmatið skal vera í samræmi við markmið náms eins og þau eru sett fram í skólanámskránni.

- a. Að áfangakönnun á vorönn 2016 sýni að það markmið hafi náðst að a.m.k. 70% kennara noti fjölbreytt námsmat.

9. Miðannarmat er mat kennara á stöðu nemenda í einstökum áföngum um miðja önn. Lögð er áhersla á skýrt og vel unnið miðannarmat.

- a. Allir kennarar skrifi skýra og leiðbeinandi umsögn til nemenda í miðannarmati á vorönn 2016.